

til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, málsfærslumannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 11/1902:

Gunnar Jónsson
gegn
Carl F. Schiöth.

D ó m u r:

Mál þetta er skuldamál, sem kaupmaður Carl F. Schiöth á Eskifirði höfðaði í héraði gegn Gunnari Jónssyni, bónda á Skriðustekk, og var því ráðið til lykta með gestaréttardómi Suður-Múla-sýslu, uppkveðnum 30. nóv. 1901, á þá leið, að Gunnar Jónsson var dæmdur til að greiða Carl F. Schiöth skuld að upphæð 27 kr. 84 a. og málskostnað að upphæð 30 kr. Dómi þessum hefir Gunnar Jónsson skotið til yfirdómsins með stefnu, dags 9. maí 1902, og eru kröfur hans í málinu, að dómurinn verði dæmdur ómerkur og stefndi dæmdur í málskostnað fyrir báðum réttum, en til vara, að dóminum verði breytt eða hrundið þannig, að áfrýjandi verði algjörlega sýknaður af kær-um og kröfum stefnda, og hann (stefndi) dæmdur í málskostnað fyrir báðum réttum. Af sinni hálfu hefir stefndi Carl F. Schiöth krafist þess, að dómurinn verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi með einhverri nægilegri upphæð.

Það er eigi ástæða til að ómerkja gestaréttardóminn samkvæmt aðalkröfu áfrýjanda, hvorki fyrir þá sök, að formleg gestaréttarstefna var eigi gefin út í málinu, með því að málsaðilar alt að einu mættu eða létu mæta við allar fyrirtektir málsins í héraði, né heldur fyrir þá sök, að undirdómarinn hafi eigi veitt áfrýjanda lögmæltan leiðbeiningu, því að áfrýjandi hafði löglærðan málsfærslumann til að mæta fyrir sig við rekstur málsins, nema að eins fyrsta daginn, er það féll í rétt, og var dómarinn því eigi skyldur að leiðbeina áfrýjanda sérstaklega. Og þar sem einkanlega hefir verið fundið að því, að dómarinn lét það viðgangast, að stefndi krafði áfrýjanda í fyrsta réttarhaldi málsins yfirlýsingar um eitt einstakt atriði málsins, þá var þessi áskorun (provocatio), sem áfrýjandi svaraði þá þegar, fyllilega lögmæt.

Hin umþrætta skuld stafar af viðskiftum áfrýjanda við pöntunarfélag Suður-Múlasýslu árið 1893, en eftir reikningi þeim yfir þessi viðskifti, sem stefndi lagði fram í héraði (réttarskjal 2 í undirréttargjörðunum) var úttekt hans hjá félaginu að kostnaði meðtöldum 171 kr. 35 a., en innlagður borgunareyrir í ull 143 kr. 51 e., og er mismunurinn, 27 kr. 84 a., upphæð sú, sem dómurinn hljóðar um, og felst aðallega í henni ómakslaun, tollur, farmleiga og annar kostnaður. Áfrýjandi heldur því nú fram, að stefndi sé eigi bær um að krefjast þessarar upphæðar, því að pöntunarfélagið sé réttur aðili þeirrar sakar. Þetta virðist þó eigi vera rétt, því að með skjali 28. marz 1893

hafa 11 bændur, og er áfrýjandi einn meðal þeirra, gengið í sjálfskuldarábyrgð fyrir borgun á vörum þeim, er »þeir herrar Carl Schiöth og Carl Jacobsen útvega okkur á yfirstandandi ári«, og er eigi vafasamt, að þessi skuldbinding nær einnig til kostnaðar, sem vörupöntuninni var samfara; og með öðru skjali, útgefnu sama dag, veita sömu bændur þeim Carl Schiöth og Carl Jacobsen umboð til að selja fyrirfram fyrir sig c. 5000 pd. af vorull. Það er nú enginn vafi á því, að skuldarreikningur stefnda til áfrýjanda stafar af þessum verzlunarviðskiftum og vörupöntunum. En samkvæmt yfirlýsingum 21. marz, 31. s. m. og 6. apríl 1894 hefir Carl Jacobsen verið leystur frá öllum störfum snertandi áminstar vörupantanir, en stefndi hefir þá einn tekið þau að sér. Var þetta samþykkt á pöntunarfundi í Stöðvarfirði 6. apríl 1894. Af þessu verður eigi betur séð, en að stefndi sé enn réttur aðili sakar, sbr. einkum skuldbindingarskjalið 28. marz 1893, enda virðist pöntunarfélagið, sem áfrýjandi vill kalla réttan aðila sakar, vera litið undir lok eða hætt að starfa fyrir 4 árum, eftir því sem stefndi hefir skýrt frá fyrir undirréttinum.

Að því er snertir sjálfa skuldarupphæðina, 27 kr. 84 a., þá hefir áfrýjandi eigi beinlínis eða afdráttarlaust neitað því, að hún væri rétt. Fyrir sáttanefndinni vildi hann eigi viðurkenna »skulda-kröfuna sem rétt krafða«, og síðan neitaði hann, að sér bæri nokkur skylda til að svara stefnda til skuldarinnar, »án tillits til réttmæti kröfunnar að

öðru leyti«. Fyrir yfirdóminum virðist það jafnvel viðurkennt af hálfu áfrýjanda, að hann skuldi »pöntunarfélaginu« þessa upphæð. Öll vörn áfrýjanda fyrir yfirdómi er að þessu leyti í því fölgín, að stefndi geti eigi krafist skuldarinnar í sínu nafni sem sinnar eigin skuldar, og jafnframt er þess af hálfu áfrýjanda getið, að skuldin hafi myndast meðan stefndi var pöntunarstjóri nefnds félags (ö: pöntunarfélags Sudur-Múlasýslu). Það verður því eigi álitíð, að áfrýjandi hafi neitað því, að skuldin væri rétt, enda hefir hann eigi sérstaklega minst á hina einstöku pósta hennar (ómakslaun, tollur, fragt, ábyrgðargjald, vinna etc). Samkvæmt þessu verður að dæma hann til að borga skuldina, eins og undirdómarinn hefir gjört, og ber að staðfesta dóminn, einnig málskostnaðar-ákvæði hans. Eftir úrslitum málsins verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 20 kr.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandi Gunnar bóndi Jónsson greiði stefnda kaupmanni Carl F. Schiöth málskostnað fyrir yfirdómi með 20 krónum.

Dóminum skal fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.